

## Náms- og starfsráðgjöf



Hefur þú áhuga á að skoða möguleika þína til náms og starfa?

*Hjá Fræðslunetinu starfa tveir náms- og starfsráðgjafar, þær Eydís Katla Guðmundsdóttir og Sólveig R. Kristins-*

*dóttir. Þær eru til viðtals eftir samkomulagi og veita upplýsingar um nám og störf. Þær gera áhugasviðsgreiningar, aðstoða fólk við að setja sér raunhæf markmið og finna námstilboð við hæfi. Einnig heim-sækja þær fyrirtæki á Suðurlandi, veita upplýsingar og kynna þjónustu og starfsemi Fræðslunetsins.*

*Hafir þú áhuga á að auka möguleika þína í starfi, fara í nám eða skoða stöðu þína skaltu hafa samband við námsráðgjafana.*

**Námsráðgjöfin er í Glæðheimum Tryggvagötu 36 á Selfossi s. 8208155 eða 4808155**

## Starfsfólk



Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir  
verkefnisstjóri  
steinunnosk@fraedslunet.is



Eydís Katla Guðmundsdóttir  
náms- og starfsráðgjafi  
eydis@fraedslunet.is



Ásmundur Sverrir Pálsson,  
framkvæmdastjóri  
asmundur@fraedslunet.is



Sólveig R. Kristinsdóttir  
náms- og starfsráðgjafi  
solveig@fraedslunet.is



Árdís Dóra Óskarsdóttir  
ritari  
ardis@fraedslunet.is



Tryggvagata 25 Iða 800 Selfoss



Tryggvagata 36 Glæðheimar

Sími: 4808155 | námsráðgjöf 8208155  
Fax: 4808156  
Netfang: fraedslunet@fraedslunet.is  
Vefsíða: <http://fraedslunet.is>

**Fræðslunetið**  
Símenntun á Suðurlandi



**Lærum allt lífið**



## Hvað er Fræðslunet Suðurlands?

### Fræðslunetið, símenntun á Suðurlandi

annast símenntun og fullorðinsfræðslu á Suðurlandi. Í því felst að Fræðslunetið heldur margs konar námskeið fyrir fullorðna, bæði tómsundanámskeið, vottuð námskeið og námskeið



Íslenskukennsla fyrir útlendinga.

í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir. Starfsemin hefur aðsetur í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi en Fræðslunetið heldur einnig námskeið víða um Suðurland.

Fræðslunetið veitir margs konar upplýs-

ingar varðandi nám og störf og er öllum velkomið að leita upplýsinga hjá Fræðslunetinu. Þar er veitt ókeypis þjónusta náms- og starfsráðgjafa.

Fræðslunetið er sjálfseignarstofnun og var það stofnað á degi símenntunar árið 1999.

Stofnaðilar eru sveitarfélög, félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki á Suðurlandi. Fulltrúar þessara aðila skipa stjórn Fræðslunetsins.



Frá myndlistarnámskeiði.

### Námskeið

- tungumálanámskeið
- íslenskunámskeið fyrir útlendinga
- tölvunámskeið
- ljósmyndanámskeið
- matreiðslunámskeið
- menningartengd námskeið
- handverksnámskeið
- lestrar- og ritunarnámskeið
- námskeið fyrir starfsfólk í þjónustustörfum
- námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir
- vottaðar námsleiðir FA

**Fræðslunetið** hefur samvinnu við fjölmarga aðila og heldur námskeið fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Ávallt er hægt að halda sérsniðin námskeið fyrir einstaklinga og fyrirtæki sé þess óskað. Gerð eru föst verðtilboð.

Leitið upplýsinga í síma 4808155.

### Vottuð námskeið

Á síðari árum hefur námskeiðum sem metin eru til eininga á framhaldsskólastigi fjölgað mjög. Það er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) sem hefur gert námsskrár sem símenntunarmiðstöðvarnar kenna eftir. Námskeiðin snerta mörg svið atvinnulífsins og eru einkum hugsuð fyrir þá

sem litla formlega menntun hafa. Markmiðið er að efla færni og kunnáttu þeirra sem þau sækja og að skapa þeim ný tækifæri til enn frekara náms. Námskeið af þessu tagi sem Fræðslunetið hefur haldið eru t.d. Færni í ferðaðþjónustu I, Fagnámskeið I og II fyrir ófaglærða í heilbrigðis- og



Nemendur í Grunnmenntaskólanum.

félagsþjónustu, Fagnámskeið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla, námskeið fyrir skólaliða, námskeið fyrir þá sem eiga við lestrar- og skriftarörðugleika að etja, Grunnmenntaskóli og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum. Markmiðið er að halda enn fleiri námskeið sem metin eru til eininga. Þeim sem hafa áhuga fyrir þessum námskeiðum er bent á að námsskrár má nálgast á vef FA, sjá: <http://frae.is>

### Styrkir vegna námskeiða

Flestir eiga rétt á að fá hluta af kostnaði vegna námskeiða endurgreiddan frá starfsmenntasjóðum verkalýðsfélaganna. Best er að leita upplýsinga um starfsmenntaréttindi hjá viðeigandi stéttarfélagi.

**Lærum allt lífið**